


Upplýsingaöryggisstefna Isavia ohf.



KEF

Upplýsingaöryggisstefna Isavia ohf.

Útgefandi

Isavia ohf.

Dagsetning

19. desember 2022

© 2024 Isavia ohf.

www.isavia.is / isavia@isavia.is

[Type here]

Efnisyfirlit

1 Tilgangur og umfang	4
2 Stefna	4
3 Markmið	4
4 Annað	5

1 Tilgangur og umfang

Stefnan lýsir áherslum félagsins á vernd upplýsinga og öryggi í allri upplýsingavinnslu. Stefnan nær til allra upplýsingaverðmæta og starfsemi félagsins óháð á hvaða formi eða á hvaða miðli upplýsingarnar eru varðveittar. Stefna þessi tekur til allra eininga félagsins og gildir fyrir alla starfsmenn og aðila sem vinna með upplýsingar félagsins. Hún nær til hvers konar vinnslu, skráningar, samskipta, dreifingar, geymslu og eyðingar upplýsinga hjá félaginu. Stefnan tekur jafnframt til húsnæðis og búnaðar þar sem upplýsingar eru meðhöndlaðar eða vistaðar.

2 Stefna

Isavia stuðlar að öryggi upplýsingaverðmæta með formföstu verklagi sem styður við samfelldan rekstur og lágmarkar rekstraráhættu.

3 Markmið

Eftirfarandi skal haft að leiðarljósi í öllum rekstri Isavia:

1. Hámarka öryggi upplýsingaverðmæta og þ.m.t. upplýsingakerfa í eigu eða vörslu félagsins með tilliti til leyndar, réttleika og tiltækileika^[1].
2. Upplýsingaverðmæti séu varin gegn óheimilum aðgangi, til að koma í veg fyrir óviðeigandi notkun, breytingu, uppljóstrun eða eyðileggingu á mikilvægum og viðkvæmum upplýsingum.
3. Áþreifanlegt öryggi sé viðunandi, s.s. aðgengi að húsnæði Isavia.
4. Stuðla að og viðhalda virkri vitund um upplýsingaöryggi hjá starfsmönnum og stjórn, sem og öðrum þeim aðilum sem fá aðgengi að upplýsingaverðmætum í starfi fyrir fyrirtækið.
5. Fylgja þeim lögum og reglum um stjórnun upplýsinga, upplýsingaöryggis og persónuverndar sem gilda um félagið.
6. Fylgja viðmiðum öryggisstaðalsins ÍST EN ISO/IEC 27001:2017 til grundvallar skipulags og viðhaldsaðgerða sem standa vörð um leynd, réttleika og tiltækileika upplýsingaverðmæta.
7. Vinna stöðugt að umbótum og framkvæma reglulega mat á áhættu til þess að leiða í ljós hvort þörf sé á úrbótum á upplýsingaöryggi félagsins.

8. Leynd (confidentiality): Upplýsingar séu aðeins aðgengilegar þeim sem til þess hafa heimild og þarfir. Réttleiki (integrity): Tryggja nákvæmni og réttleika upplýsinga og vinnsluaðferða. Tiltækileiki (availability): Upplýsingar séu aðgengilegar og nothæfar þegar þess er krafist af notendum sem til þess hafa heimild.

9. Vinna stöðugt að umbótum og framkvæma reglulega mat á áhættu til þess að leiða í ljós hvort þörf sé á úrbótum á upplýsingaöryggi félagsins.

4 Annað


Framkvæmdarstjórar bera ábyrgð á þeim upplýsingaverðmætum sem til verða í viðkomandi rekstrareiningu og að starfsmenn fari eftir þeim reglum og tilmælum sem gilda um öryggi upplýsinga.

Stefnan skal kynnt fyrir starfsfólki og öðrum þeim aðilum sem fá aðgengi að viðkvæmum upplýsingaverðmætum í starfi fyrir fyrirtækið og vera aðgengileg á innri og ytri vef félagsins.

Samþykkt af forstjóra Isavia hinn 19.12.2022

Sveinbjörn Indriðason

Forstjóri Isavia



KEF